

**11. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 26. október 2010, kl. 12.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Ragnheiður Thorlacius, ritari, er í símasambandi við framangreinda stjórnarmenn og ritar fundargerð.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

**1. Beiðni um félagaskipti**

Lagt er fram bréf, beiðni forráðamanns iðkanda um félagaskipti, dagsett 14.október sl. Afgreiðsla málsins: Samkvæmt 12. gr. reglugerðar Fimleikasambandsins Íslands geta félagaskipti aðeins farið fram tvisvar á ári frá 1.-15. janúar og 1. ágúst -15. september. Með vísan til 12. gr. reglugerðar Fimleikasambands Íslands er beiðninni hafnað. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna bréfrítara, viðkomandi aðildarfélögum og mótshaldara haustmóts í þrepum á Akureyri um næstu helgi um afgreiðslu málsins.

**2. Evrópumótið í hóp fimleikum 2010**

Fimleikasamband Íslands sendi eftirtalin lið til keppni fyrir hönd Íslands á 8. Evrópumótinu í hóp fimleikum sem haldið var í Malmö í Svíþjóð 21.-23. október sl:

Landslið stúlkna í yngri flokki (juniora).

Landslið karla í eldri flokki (seniora).

Landslið Ísland 1 (Selfoss) og landslið Íslands 2 (Gerpla) í eldri flokki kvenna (seniora).

Stjórn FSÍ óskar keppendum til hamingju með árangurinn. Landslið karla varð í 4. sæti í úrslitakeppninni, landslið 1 í eldri flokki kvenna varð í 8. sæti af 18 liðum í undankeppni, landslið stúlkna jr. varð í 3ja sæti og hlaut bronsverðlaun í sínum flokki og landslið Íslands 2 sigraði landskeppni í kvennaflokki og tryggði Íslandi Evrópumeistaratitli í hóp fimleikum 2010.

Glæsilegur árangur íslenska liðsins í eldri flokki kvenna er einstakt afrek í íþróttasögu landsins og stjórn FSÍ óskar liðinu hjartanlega til hamingju með glæsilegan árangur.

Í fyrsta sinn sendi Ísland til keppni landslið í yngri flokki kvenna og óskar stjórn FSÍ þeim til hamingju með glæsilegan árangur.

Þjálfurum og fararstjórum þakkar stjórnin fyrir frábært starf sem og íslensku dómurunum.

Fjallað var móttökuhátíð í Gerðasal í dag en þar munu þau lið sem kepptu f.h. Íslands á mótinu mæta og Evrópumeistaramir verða hylltir. Forsætisráðherra, forseti ÍSÍ, bæjarstjóri Kópavogs og formaður FSÍ munu ávarpa samkomuna.

Fundargerð lesin upp og staðfest af fundarmönnum.

Fundi slitið kl. 13.15.

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.